

nefndum lögum tilkall til bóta úr landssjóði fyrir þjáningu, smán og fjártjón, er hann hefir beðið af frelsissviftingunni.

Sækjandi tjáist hafa beðið skaða af varðhaldinu á margan veg, en hann hefir eigi gert nánari grein fyrir hvernig þeim skaða sé varið, og þykir þá með hliðsjón af því, að varðhaldstíminn var að eins 6 nætur, eftir málavöxtum hæfilegt að ákveða bæturnar 200 krónur.

Mál þetta er að lögum gjafsóknarmál; hefir skipaður málflutningsmaður sækjanda flutt það forsvaranlega og ber honum 25 kr. í málflutningslaun, er greiðist úr landssjóði.

Því dæmist rétt vera:

Sækjanda Ólafi Helgasyni greiðist 200 kr. úr landssjóði og skipuðum málflutningsmanni hans, Guðmundi Ólafssyni yfirréttarmálflutningsmanni, greiðist 25 kr. í málflutningslaun úr sama sjóði.

Mánudaginn 6. desember 1915.

Nr. 52/1915.

Jóhann Jónsson

gegn

Kristínu Pétursdóttur.

D ó m u r :

Í barnsfaðernismáli, er höfðað var af hálfu hinn-

ar stefndu, Kristínar Pétursdóttur, fyrir lögreglurétti Mýra- og Borgarfjarðarsýslu gegn áfrýjandanum, sjómanni Jóhanni Jónssyni, var dómur uppkveðinn í nefndum rétti 14. nóvember 1914 á þá leið, að svo framarlega kærði, áfrýjandi í máli þessu, Jóhann Jónsson, innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins synjar fyrir það með eiði á varnarþingi sínu, eftir löglegan undirbúning, að hann hafi framið holdlegt samræði við kæranda, hina stefndu í máli þessu, Kristínu Pétursdóttur, á því tímabili að hann geti verið faðir að barni því, er hún ól 2. septbr. 1911, og skýrt var Sigurdúfa, þá á hann að vera sýkn af kröfum kæranda (stefnda) í málinu. En vinni hann eigi hinn fyrirlagða eið, á hann að greiða til uppfósturs barnsins frá fæðingu þess til þess er það er úr ómegð svo mikið, sem yfirvaldið ákveður. Málskostnaður var látinn falla niður.

Eftir skýrslu áfrýjanda var dómur þessi birtur á heimili hans að honum fjarverandi, og fekk hann eigi vitneskju um dóminn og birtingu hans fyr en eiðfresturinn var útrunninn. Fyrir því hefir hann nú skotið dómnum til yfirréttarins, með stefnu dags. 13. ágúst þ. á., eftir að hann tvívegis áður hafði áfrýjað málinu, en því þá í hvortveggja skiftið verið frávísað. Krefst hann þess nú fyrir yfirdóminum, að lögregluréttardómurinn verði staðfestur með þeirri breytingu, að nýr eiðvinningarfrestur verði ákveðinn; þá krefst hann þess og, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi. Hin stefnda Kristín Pétursdóttir hefir eigi mætt, og enginn fyrir hennar hönd fyrir yfirdóminum, og

verður þá málið dæmt, eins og það er lagt fyrir réttinn af áfrýjanda. Verður að taka til greina kröfur hans um að honum sé settur nýr eiðvinningarfrestur, og að dómurinn að öðru leyti sé staðfestur. Sem eiðvinningarfrestur þykir hæfilegt að setja hinn almenna fullnægingarfrest landsyfírréttardóma. Málskostnaðarkröfu áfrýjanda þykir eigi rétt að taka til greina, því að hin stefnda verður eigi talin að eiga sök á því að áfrýjandi varð að skjóta málinu til yfirdóms, og fellur málskostnaður fyrir því niður.

Því dæmist rétt vera:

Lögregluréttardómurinn skal vera óraskaður, þó svo að eiðvinningarfresturinn sé 8 vikur, frá löglegrí birtingu þessa yfírréttardóms. — Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Mánudaginn 6. desember 1915.

Nr. 65/1915.

Einar M. Jónasson

gegn

Birni Kristjánssyni og Birni Sigurðssyni.

f. h. Landsbankans.

D ó m u r:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn, yfirdómsmálaflutningsmaður Einar M. Jónasson, fyrir bæjarþingi.